



*Skógfræðingafélag Íslands er faglegt hagsmunafélag sem hefur það að meginmarkmiði að vera:*  
*a) málsvari skógfræðinga, b) efla samheldni og stuðla að bættri faglegri, fjárhagslegri og félagslegri*  
*aðstöðu þeirra og c) upplýsa aðra um menntun, færni og þekkingu skógfræðinga og vekja með því áhuga á*  
*starfsvettvangi þeirra.*

Tálknafríði 08.02.2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn stjórnar Skógfræðingafélags Íslands um mál nr. 429, frumvarp til laga um náttúruvernd.

### **Almennt**

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands (SFFÍ) harmar að ekki skuli hafa verið tekið meira tillit til ábendinga við drög að frumvarpi að þessum lögum sem stjórn félagsins sendi frá sér þann 24.09.2012. Því er nauðsynlegt að ítreka að skógfræðingar hafa í námi og starfi öðlast víðtæka þekkingu á sviði náttúruvísinda, skógfræða, landgræðslu og stjórnunar auk áætlanagerðar á sviði landupplýsinga og landslagsfræða. Því teljum við okkur geta lagt ýmislegt til málanna varðandi ný lög um náttúruvernd.

Nauðsynlegt er að lög séu einföld, skýr og auðskilin til að gera öllum kleyft að virða texta laganna og auðvelda framkvæmd þeirra. Lög mega þar að auki ekki hefta eðlilega starfsemi atvinnugreina með ákvæðum, sem erfitt eða ómögulegt er að átta sig á og þannig erfitt að framfylgja í raun.

Stjórn SFFÍ harmar að slík ákvæði megi finna í þessu frumvarpi til laga um náttúruvernd og má þar nefna sem dæmi 8. tölulið 5. greinar laganna þar sem miðað er við ártalið 1750 þegar rætt er um framandi lífverur. Þetta ákvæði gerir það að verkum að allar nytjaplöntur í landbúnaði á Íslandi hvort heldur sem er í skógrækt, túnrækt, garðrækt eða öðru ræktunarstarfi falla undir hugtakið framandi lífverur og gerir þannig íslenskt ræktunarstarf erfiðara í framtíðinni, þar sem sífellt þarf að gæta að því hvort viðkomandi tegund megi vaxa þar sem þörf er fyrir ræktun hennar.

Hér á eftir verða ítrekaðar helstu ábendingar um frumvarpið sem stjórn SFFÍ hefur áður komið á framfæri og rökstudd enn frekar nauðsyn þess að breyta þessum ákvæðum í frumvarpi til laga um náttúruvernd.

Stjórn SFFÍ óskar jafnframt eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til að kynna og útskýra þau sjónarmið sem fram koma í umsögn félagsins um frumvarp til laga um náttúruvernd.

**Grein. 1.** Jákvætt er að í frumvarpinu er tekið fram að stuðla beri að endurheimt raskaðra vistkerfa og stuðla að auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Á Íslandi er til í dag mikil þekking á skógrækt, landgræðslu og endurheimt

vistkerfa eftir ýmsum leiðum og brýnt að efla samstarf á sem flestum sviðum til að vinna að aukinni framleiðni gróðurmoldarinnar og endurheimt raskaðra vistkerfa. Hinsvegar er rangt að tala um að íslensk náttúra þróist eftir eigin lögmálum því það stangast á við þekkingu á náttúru og vistkerfum. Náttúran setur sér engin slík lögmál og hefur engin markmið og því er ekki rétt að nota slíkt orðalag í lagatexta þar sem engin þekkt skilgreining liggur að baki þessu orðalagi. Íslensk náttúra hefur sýnt ótrúlega aðlögun að erfiðum aðstæðum og heldur því áfram óháð áliti sérfræðinga nútíðar og framtíðar.

**Grein 2. a.** Gerð er athugasemd við að nota hugtakið „ákjósanlega verndarstöðu einstaka vistgerða“ þar sem mjög óljóst er hvernig ákjósanleg verndarstaða er skilgreind og hverjir eigi að skilgreina þá stöðu vistgerðar. Orðið sem notað var í drögum að frumvarpi til laga um náttúruvernd frá 03. sept. 2012 var „ástand“ og telur stjórn SFFÍ að það orð sé betra til notkunar í lagatexta þar sem það felur í sér ákveðið stig sem getur breyst en orðið verndarstaða felur frekar í sér óbreytanleika, sem erfitt getur verið að fylgja eftir, þar sem um vistgerðir í náttúrunni er um að ræða og eitt af grundvallarlögmálum náttúrunnar er það, að hún er sífellt að breytast.

**b.** Þegar fjölbreytni vistkerfa er metin er nauðsynlegt að horfa á vistkerfið í heild sinni en ekki einhverja einangraða hluta þess. Við fögnum því, að standa skuli vörð um og efla vistkerfi landsins til að tryggja að virkni þeirra sé tryggð til framtíðar og með hliðsjón af þeirri stærðargráðu og tímakvarða, sem við á hverju sinni. Að mati stjórnar SFFÍ þýðir þetta ákvæði að unnið skuli af auknum krafti við endurheimt illa farinna vistkerfa, auka gróðurmátt jarðar og m.a. með því móti efla virkni þeirra. Skógfræðingar búa yfir mikilli þekkingu á þeim aðferðum, sem gefist hafa vel við slíkar aðgerðir.

**c.** Í ljósi þeirra athugasemda sem gerðar eru við hugtakið framandi tegundir (sjá 5. grein) er bent á að síðasta setning c. liðar stangast algjörlega á við markmið 1. og 2. greinar laganna um endurheimt vistkerfa, þar sem mikið af þeim tegundum, sem hafa gefist vel við endurheimt raskaðra svæða, falla undir hugtakið framandi lífverur, þar meðtaldar flestar þær tegundir sem notaðar eru til skógræktar og landgræðslu í dag.

**Grein 3. Í d. lið** greinarinnar er talað um að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Þetta markmið getur stangast á við markmið um endurheimt raskaðra vistkerfa þar sem stór hluti af óbyggðum víðernum landsins er jafnframt mjög illa farinn gróðurfarslega og má telja stóran hluta hálendis Íslands raskað vistkerfi. Það er ljóst, að verði þessi svæði landsins vernduð þannig, að náttúran þróist án aðkomu mannsins, er hætt við að hin mikla röskun vistkerfa nái ekki að snúa hrörnunarþróuninni við og að þar verði um enn frekari jarðvegseyðingu að ræða með tilheyrandi tjóni fyrir önnur landssvæði.

**Grein 5.** Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi skilgreiningar í frumvarpinu:

**3. Ágeng framandi lífvera:** Nauðsynlegt er að skilgreina og skýra betur þetta hugtak, ekki er ásættanlegt að í lögum sé talað um eitthvað sem er líklegt til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni án þess að rýrnunin sé skilgreind frekar. Ekki er nógu skýrt í athugasemdum með frumvarpinu við hvað er átt þó vísað sé í samning um líffræðilega fjölbreytni.

**8. Framandi lífverur:** Það að miða við ártalið 1750 gerir það að verkum að allar okkar nytjaplöntur sem notaðar eru í landbúnaði, að skógrækt meðtalinni, garðrækt, landgræðslu og öðru ræktunarstarfi falla undir hugtakið framandi lífverur. Þetta ártal sem viðmiðun er algjörlega án sýnilegra ástæðna eða málefnalegra raka og setur allt ræktunarstarf á Íslandi í uppnám, sérstaklega í ljósi ákvæða í 1.

og 2. grein laganna um eflingu og endurheimt vistkerfa. Stjórn SFFÍ krefst þess að þetta ákvæði verður endurskoðað og því breytt þannig, að undirstöðuáttvinnugreinar þjóðarinnar verði ekki í uppnámi vegna þessa ákvæðis.

**17. Óbyggðir:** Bent er á að í lögum nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt er talað um að stefnt skuli að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli. Í athugasemdum með frumvarpinu er talað um að mestallt land ofan 200 m hæðar falli undir skilgreininguna óbyggðir. Ljóst er að sú túlkun stangast á við lög nr. 95. frá 2006 og mun virka sem hindrun á skógrækt á landi, sem að öðru leyti hentar til skógræktar á bilinu 200 – 400 m.ys. Tryggja þarf að þessi skilgreining hefti ekki nýtingu lands í eyðibýggðum, ef áhugi eigenda landsins á að hefja þar búskap og/eða aðra nýtingu landsins verður fyrir hendi í framtíðinni. Jafnframt þarf svo sannarlega að taka tillit til hlýnandi veðurfars og bættra ræktunarskilyrða samfara því og þar af leiðandi aukinna möguleika í ræktun nytjajurta mun hærra yfir sjávarmáli en nú þekktist.

**18. Ræktað land:** Varað er við því að skilgreina land sem ekki hefur verið ræktað í 15 ár sem óræktað land. Í því sambandi er skylt að benda á skógrækt, þar sem trjám er plantað og þau síðan látin vaxa nánast án afskipta ræktunaraðilans í um 100 ár, þegar komið er að uppskeru. Með þessari skilgreiningu fellur landið sem skógurinn stendur á undir hugtakið óræktað land eftir 15 ára vaxtartíma sé ítrustu túlkun beitt. Þrátt fyrir að tekið sé fram í athugasemdum með frumvarpinu, að skógrækt falli innan ræktað lands er nauðsynlegt að hnykkja betur á því í sjálfum lagatextanum. Þar þarf að taka tillit til eðlis ræktunar, þegar tímarammi er settur um, hvenær land fer úr ræktun, svo sem að ræktunartími skóga sé umtalsvert lengri en ræktunartími túna og akra.

**Tillaga um breytingu á texta:** ..... Hafi landið ekki verið ræktað í 15 ár, telst það óræktað land, nema um sé að ræða skipulagða skógrækt og telst landið þá ræktað land, meðan skógur er á landinu.

**Grein 31.** Nauðsynlegt er að hnykkja betur á, að í 2. másl. 2. mgr. sé einnig átt við skógrækt, þar sem taldar eru upp undanþágur frá utanvegarakstri.

Tillaga um breytingu á texta: ..... Ráðherra skal, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveða á um undanþágur frá banni skv. 1. másl. 1 mgr., m. a. vegna starfa manna við landbúnað, **þar með talið skógrækt**, landgræðslu og heftingu landsbrots ..... og svo framvegis.

**Grein 57. b. liður.** Friðun birkiskóga er nú þegar tryggð í skógræktarlögum nr. 3/1955 þar sem tekið er ítarlegar á verndun birkiskóga en hér er gert, auk þess sem lög nr. 3/1955 ná lengra. Einnig er nauðsynlegt að skilgreina mun skýrar hugtakið birkiskógur en gert er í þessu frumvarpi og má í því sambandi benda á skilgreiningu úr Kyoto bókun Sameinuðu þjóðanna, sem Skógrækt ríkisins notar í vinnu sinni. Sú skilgreining kveður á um, að birkiskógur teljist vistkerfi, þar sem trén eru minnst 2 m á hæð, krónuþekja sé minnst 10% og að svæðið sé minnst hálfur hektari að flatarmáli. Nauðsynlegt er að skilgreining á birkiskógi sé skýr og nákvæm og sama skilgreiningin sé notuð alls staðar. Skógrækt ríkisins hefur sinnt verndun og umsjón birkiskóga landsins í yfir hundrað ár og ekki ástæða til annars en að svo verði áfram. Unnið er að endurskoðun á skógræktarlögum og því leggur stjórn SFFÍ til að ákvæði um birkiskóga verði tekið fyrir í þeirri vinnu og því sé ekki þörf á því hér, nema þá með vísan til skógræktarlaga.

**Grein 63.** Stjórn SFFÍ vill ítreka nauðsyn þess að reglugerð sú, sem ráðherra setur samkvæmt 5. mgr., verði unnin í nánú samráði við þær stofnanir, sem þessi málsgrein snertir mest, svo sem þá sem ástunda hefðbundinn landbúnað, garðyrkjugeirann, ásamt skógrækt og landgræðslu. Þó sjálfsagt sé að fara varlega við innflutning lifandi lífvera, má lagaumhverfið ekki vera að óþörfu

íþyngjandi fyrir eðlilega framþróun í þessum greinum. Slík höft munu koma niður á hagkvæmni og öryggi í matvælaframleiðslu og sjálfbærni þjóðfélagsins við uppbyggingu í nýjum framleiðslugreinum svo sem viðarnýtingu og arðbærri vöruþróun og fullnýtingu á hinum ýmsu afurðum.

**Grein 64. b.** Stjórn SFFÍ varar alvarlega við afleiðingum af þessu lagaákvæði, þar sem það mun hafa verulega heftandi áhrif á ræktun nytjajurta um land allt í ljósi þeirrar skilgreiningar, sem fram kemur í 8. lið 5. greinar þessara laga. Ljóst er að flutningur nytjajurta milli svæða verður verulegum erfiðleikum bundinn, ef skoða þarf í hverju tilviki, hvort slíkur flutningur megi eiga sér stað. Jafnframt er ljóst, að margir munu ekki átta sig á þessu lagaákvæði og því brjóta það án ásetnings með því að flytja plöntur í sumarbústaðalönd sín víða um land. Einnig er ljóst, að með þröngri túlkun þessa ákvæðis er landbúnaði, þar með talinni skógrækt, gert nánast ókleyft að flytja nytjajurtir milli svæða, þegar þörf er talin á, svo sem með tilkomu betur aðlagðra kvæma nytjastofna, t. d. byggs, hveitis og ýmissa trjátegunda. Í ákvæði þessu þarf að huga að þeirri meðalhófsreglu, sem ætti að vera leiðarljós við lagasmíð og framfylgd laga. Því er brýnt, að við setningu reglugerðar varðandi þetta ákvæði verði haft skilvirkt samráð við hagsmunaaðila í landbúnaði, skógrækt og landgræðslu til að tryggja að ákvæði þetta virki alla jafna ekki íþyngjandi fyrir þá.

Stjórn SFFÍ hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til að nýta sér alla þá þekkingu og reynslu sem félagsmenn SFFÍ búa yfir varðandi náttúru landsins og umgengni við hana. Eins og tekið var fram í upphafi, er menntun skógfræðinga yfirgripsmikil og tekur á mörgum af þeim þáttum, sem nauðsynlegt er að horfa til, þegar fjallað er um náttúruvernd og endurheimt raskaðra vistkerfa. Innan raða SFFÍ eru vísindamenn, sem hafa getið sér gott orð á innlendum og erlendum vettvangi fyrir vönduð vinnubrögð við umfangsmiklar og krefjandi rannsóknir. Félagsmenn SFFÍ eru því tilbúnir til að leggja sitt af mörkum nú sem endranær við rannsóknir og mat á aðstæðum í náttúru landsins.

Virðingarfyllst

Stjórn Skógfræðingafélags Íslands

Lilja Magnúsdóttir, formaður, Miðtúni 4, 460 Tálknafirði

Sigvaldi Ásgeirsson, ritari, Vilmundarstöðum, 320 Borgarfirði

Valdimar Reynisson, gjaldkeri, Túngötu 28, 311 Borgarnesi.